

**59. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 25 september 2017 kl. 11:00 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 235 Reykjanesbæ.**

**Mætt:** Kjartan Már Kjartansson, Fannar Jónasson, Sigrún Árnadóttir, Ásgeir Eiríksson, Magnús Stefánsson, Gunnar H. Garðarsson, Marta Jónsdóttir, Björk Guðjónsdóttir, Sigrún Elefsen, Þuríður Aradóttir, Eggert Sólberg Jónsson, Berglind Kristinsdóttir og Dagný Gísladóttir sem ritaði fundargerð.

Guðmundur Pétursson boðaði forföll.

**Dagskrá:**

1. Samstarf við Kaupfélag Suðurnesja um fræðsluáætlun vetrarins. (Áb. Dagný)
2. Rannsókn á nýsköpun á Suðurnesjum. (Áb- DG)
3. Haustfundur Heklunnar. (Áb. – BG)
4. Fundargerðir vegna vinnu MR . (Áb. – PHAB)
5. Hálfársuppgjör MR (Áb. – BK)
6. Fjárhagsáætlun MR (ÁB-PHAB)
7. Tímalína Markaðsstofu Reykjaness sep.-nóv. (ÁB-PHAB)
8. Innviðagreining – Lokayfirferð (ÁB ESJ-BK)
9. Atvinnuleysistölur
10. Menningarlandið Ísland (ÁB-BG)

—

- 1. Mál Fræðsluáætlun vetrarins og samstarf**  
Samstarf við Kaupfélag Suðurnesja um fræðsluerindi veturinn 2017/2018 kynnt.
- 2. Mál Rannsókn á nýsköpun á Suðurnesjum**  
Dagný kynnti rannsókn á nýsköpun á Suðurnesjum sem unnin verður í samstarfi við Eignarhaldsfélag Suðurnesja en niðurstöðurnar verða kynntar á haustfundi Heklunnar.
- 3. Mál Haustfundur Heklunnar**  
Björk kynnti haustfund Heklunnar sem haldinn verður 26. október 2017.
- 4. Mál Fundargerðir vegna vinnu Markaðsstofu Reykjaness**
  - a. Fundargerð DMP dags. 29.08.2017
  - b. Fundargerð DMP dags. 12.09.2017

**c. Fundargerð stýrihóps vegna hæfnigreiningar á starfi upplýsingamiðstöðva dags. 11.09.2017**

Puríður kynnti stöðu verkefna hjá MR.

**5. Mál Hálfársuppgjör MR**

Framkvæmdastjóri sagði frá hálfársuppgjör MR og lítur út fyrir að áætlanir standist.

**6. Mál Fjárhagsáætlun MR**

Puríður sagði frá vinnu við fjárhagsáætlun MR 2018. Framlag 2017 var hærra vegna sérstakra verkefna en framhald þeirra eru óljóst.

**7. Mál Tímalínuverkefni Markaðsstofu Reykjaness sept.-nóv.**

Lagt fram til kynningar.

**8. Mál Innviðagreining - lokayfirferð**

Eggert kynnti lokaútgáfu og framsetningu greiningarinnar sem verður á vef Heklunnar sem lifandi skjal. Skjalið verður til kynningar á aðalfundi SSS laugardaginn 30. september.

**9. Mál Atvinnuleysistölur**

Atvinnulausir á Suðurnesjum voru samtals 269 í september 2017. Þar af 182 í Reykjanesbæ, 24 í Sandgerði, 14 í Garði, 22 í Vogum, 20 í Grindavík. Samþykkt að boða fulltrúa Vinnumálastofnunar og félagsþjónustu sveitarfélaga á fund stjórnar til þess að skoða hvað býr að baki atvinnuleysistölum í dag.

**10. Mál Menningarlandið Ísland**

Björk sagði frá ráðstefnu um Menningarlandið Ísland sem haldið var í Bergi á Dalvík 13. – 14. september þar sem fjallað var um barnameningu. Ráðstefnan var haldin í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytis, Byggðastofnunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Eyþings. Björk sagði jafnframt frá afmælisári fullveldis Íslands þar sem óskað er eftir þátttöku allra landsmanna.

*Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.*